

Stjórnarfundur Dvalarheimilis aldraðra sf.

9. fundur stjórnar 26.9.2019


Mættir: Jón Helgi Björnsson, Heiðbjört Ólafsdóttir, Arnór Benónýsson, Sigurður Böðvarsson, Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson, Kristján Þór Magnússon, Ásgeir Böðvarsson, Pétur Helgi Pétursson

Hafrún Olgeirsdóttir boðaði forföll.

Fundargerð

1. *Fjármál og skýrsla framkvæmdastjóra*  
Rekstur ársins 2019 er á áætlun með mjög litlum frávikum. Stefnt að því að fyrstu drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 verða lögð fram á næsta fundi stjórnar. Ákveðið að fá stöðuna á gæðavísunum heimilisins til umræðu á sama fundi.
2. *Búseturéttaríbúðir – reglur um úthlutun*  
Umræður um úthlutunarreglur búseturéttar var áframhaldið frá síðasta fundi. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá uppfærslu á reglunum til samræmis við fram lögð gögn og leggja fyrir stjórn á næsta fundi til samþykktar. Stjórn óskar eftir því að upplýsingar um þessa vinnu verði kynntar á heimasíðu Hvamms.
3. *Uppbygging hjúkrunarheimilis – staða mála*  
Formaður fór yfir drög að rýmisáætlun fyrir nýtt hjúkrunarheimili sem og fyrstu drög að samkeppnislýsingu fyrir hönnunarsamkeppni heimilisins sem áætlað er að auglýst verði í desember 2019.
4. *Skipun í dómnefnd hönnunarsamkeppni um uppbyggingu hjúkrunarheimilis*  
Formaður stjórnar, Kristján Þór Magnússon er tilnefndur í dómnefnd verkefnisins fyrir hönd stjórnar.
5. *Framkvæmdir við Litla Hvamm 3-5.*  
Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir því að Norðurþing að framlag verði greitt vegna gangstéttaframkvæmda sem ráðist var í við Pálsgarð í sumar og eru í raun inni á landi sveitarfélagsins.

Fundi slitið 16:50.

  
Kristján Þór Magnússon  
Arnór Benónýsson  
Heiðbjört Ólafsdóttir  
Aðalsteinn J. Halldórsson  
Sigurður Böðvarsson  
Pétur Helgi Pétursson